

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

### Viðfangsefni úr fjármunarétti

Prófnúmer próftaka:	.....
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)		
	ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%) Félagaréttur (30%).		
Prófdagur:	3. nóvember 2012	Kl.:	09:00 til 13:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblið vegna þessa hluta prófsins, (þ.m.t. forsíða):	4
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblið:	Engin

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## 1. Krossar (15,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi.

### Athugið eftirfarandi:

- i. Hver kross vegur 1,5%.
- ii. Dregið er frá 1,5% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Sé látið hjá líða að svara telst svárið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.
- v. Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Ógildingarástæðan *misneyting* getur aðeins leitt til ógildingar samnings ef sá sem vill byggja rétt á samningnum vissi eða mátti vita um tilvist ógildingarástæðunnar.

- Rétt  
 Rangt

2. Vanlýsing á grundvelli opinberrar innköllunar getur leitt til loka fjárkröfu.

- Rétt  
 Rangt

3. Svokallaðar sterkar ógildingarástæður leiða til þess að samningur telst sjálfkrafa ógildur óháð vitneskju viðsemjanda um ógildingarástæðuna á þeim tíma er samningur var gerður.

- Rétt  
 Rangt

4. A kaupir hlutafé í B ehf. aðallega af þeirri ástæðu að A telur B ehf. vera eiganda tiltekins einkaleyfis. Svo reynist ekki vera. Þessi ástæða var ekki tilgreind í kaupsamningi aðila. Því er útilokað að A geti krafist ógildingar á samningi aðila.

- Rétt  
 Rangt

5. A hf. á gjaldfallna kröfu á hendur B ehf. Móðurfélag B ehf., C hf., á kröfu á hendur A hf. sem einnig er gjaldfallin. Getur C hf. skuldajafnað?

- Já  
 Nei



#### **4. Ritgerð (22,5%)**

Lýsið helstu lokum kröfuréttinda.

#### **5. Raunhæft verkefni (22,5%)**

SK tekur verðtryggt lán hjá KH á árinu 2006. Lánið hefur síðan hækkað um tugi prósentu vegna verðbólgu, þ.á m. verðbólguþótt í kringum fall fjármálakerfisins. Nú er svo komið að SK er búinn að fá nóg, ekki síst með tilliti til þess að vinur hans, SK2, tók ólöglegt gengistryggt lán og talar um að hafa unnið í „Lotto-inu“ þar sem lánið beri eingöngu samningsvexti en höfuðstóllinn meðhöndlaður sem óverð- og ógengistryggður.

SK vill fara í mál á hendur KH.

Hvaða reglum samningaréttar, lögfestum sem ólögfestum, gæti SK reynt að bera fyrir sig.